

Eldri borgurum boðið í vöfflur og kaffi í Álfaborg

Börnin í leikskólanum Álfaborg buðu á dögnum eldri borgurum úr Tungunum í vöfflukaffi. Þetta er í annað sinn sem það er gert. Skemmtileg stemning skapaðist og það er alltaf jafn gaman að heyra eldri borgara segja frá gamla tímanum og hvernig allt var öðru vísi þá. Ein sagan var sú, að þegar þau fóru í skólann, þá voru þau sótt á mjólkurbílnum og safnað saman á pallinn þar. Það var mikið hlegið þegar verið var að lýsa þessu, ásamt fleiri sögum sem þau höfðu að segja. Það er mikill fjársjóður í þessum sögum og mikilvægt að halda þeim á lofti. Það er auk þess mikilvægt að tengja saman elstu og yngstu kynslóðina. Það er svo margt sem þau eldri geta deilt með þeim yngri og þau yngri sjá um að heilla eldri borgarana upp úr skónum með fallegu brosi og einlægni sinni. Einhverstaðar stendur einmitt að það þurfi heilt samfélag til að ala upp barn. Að sjálfsögðu var sungið fyrir hópinn og voru allir sammála um að þetta hafi verið góð stund sem verður að sjálfsögðu endurtekin. Það væri gaman að fá eldri borgara meira inn í leikskólann til að lesa fyrir börnin, segja sögur frá gamla tímanum og spjalla. Það er aldrei að vita hvað framtíðin ber í skauti sér. Við vorum allavegana alsæl með þessa heimsókn.

Með vinsemd og virðingu
Regína Rósa Harðardóttir
Leikskólastjóri Álfaborgar



16. árgangur 3. tbl. mars 2017.

Ritstjóri: Sigurrós H Jóhannsdóttir
A.b.m: Valtýr Valtýsson

Myndir úr Uppsveitadeild Æskunnar 2017



Myndir María Þórarinsdóttir

Oddvitapistill

Sveitarstjórn hefur hafnað nokkrum umsóknum um útleigu á fasteignum að undanfögnu. En í nýrri reglugerð (nr. 1277/2016) um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald er gert ráð fyrir, að ef veita eigi rekstrarleyfi lengur en 90 daga á ári, þurfi viðkomandi húsnæði að vera atvinnuhúsnæði og í samræmi við skipulag. Sem dæmi má nefna, að ef sótt er um rekstrarleyfi fyrir útleigu á húsum í íbúðar- og frístundasvæðum verður slíkum umsóknum hafnað þar sem slíkt er ekki í samræmi við áðurnefnda reglugerð. Sveitarfélögin sem standa að skipulags- og byggingafulltrúaembætti Uppsveita hafa samþykkt að útbúa samræmdar starfsreglur fyrir aðildarsveitarfélögin til að vinna eftir, þegar sótt er um leyfi fyrir slíkum rekstri.

Nú er vinnu við aðalskipulag Bláskógabyggðar á lokametrunum. Sveitarstjórn tók aðalskipulagið fyrir á fundi sínum fyrir stuttu, og samþykkti á þeim fundi að fela skipulagsfulltrúa að leita heimilda Skipulagsstofnunar til að auglýsa tillöguna. Þegar tillagan fer í auglýsingu hvet ég sem flesta, til að kynna sér tillöguna vel og gera athugasemdir, ef einhverjar eru.

Vinna við endurskoðun deiliskipulags fyrir Reykholt er komin vel á veg, en sveitarstjórn hefur samþykkt að kynna lýsingu að endurskoðuðu deiliskipulagi. Helstu áherslur í nýju skipulagi eru: skipulagðar verði fjölbreyttar íbúðalóðir, íbúðalóðir séu í góðum tengslum við skóla, íþróttasvæði og verslun- og þjónustu. Þá er lögð áhersla á að tryggja gott aðgengi gangandi og hjólandi að skólasvæði, öryggi vegfarenda verði bætt, með endurskoðun á umferðarflæði og bílastæðum og að allar lóðir verði hnitsettar og skilmálar settir fyrir þær. Fljótlega verður haldinn íbúafundur þar sem farið verður yfir þessar áherslur og tekið við ábendingum. Íbúafundurinn verður auglýstur með dreifibréfi.

Fyrir stuttu var haldinn ráðstefna, sem Samband Íslenskra sveitarfélaga stóð fyrir og bar yfirskriftina „sveitarfélögin og ferðapjónustan“. Markmið málþingsins var að sveitarstjórnarmenn komi saman til að ræða málefni ferðapjónustunnar og allar þær áskoranir og tækifæri sem felast í fjölgun ferðamanna. Margir áhugaverðir fyrirlestrar voru haldnir og var ma. fjallað um gjaldtöku af ferðamönnum, tekjur og gjöld hins opinbera af ferðamönnum, uppbyggingu innviða, stefnumótun og um þau efnahagslegu áhrif sem hin mikla fjölgun ferðamanna hefur haft á efnahag þjóðarinnar. Mikil umræða á eftir að eiga sér stað næstu misseri um þessi málefni og þær áskoranir sem felast í eflingu ferðapjónustunnar og áhrif hennar á þjóðarbúið. Til að átta sig á þeirri miklu fjölgun ferðamanna, má nefna að samanlagður fjöldi ferðamanna árin 1949-2007 var 6,7 milljónir, en samsvarandi fjöldi var 7,6 milljónir fyrir árin 2008-2016. Þetta sýnir í hnotskurn mikla fjölgun ferðamanna síðustu ár.

Leikfélagið Borg
sýnir gamanleikinn

Svefnlausir Brúðguminn

Höf: Arnold og Bæk
Í þýðingu Sverris Haraldssonar

Leikstjóri: Magnús J. Magnússon



6. sýning	fimmtud.	2. mars	kl. 20:00
7. sýning	fimmtud.	9. mars	kl. 20:00
8. sýning	föstud.	10. mars	kl. 20:00
9. sýning	sunnud.	12. mars	kl. 16:00
10. sýning	fimmtud.	16. mars	kl. 20:00
Lokasýning	föstud.	17. mars	kl. 20:00

Sýnt í Félagsheimilinu Borg, Grímsnesi

Miðaverð: Fullorðnir 2.000, grunnskólabörn 1.000,
frítt fyrir börn á leikskólaaldri.

Miðapantanir í síma 771-4465



Fylgist með okkur á facebook



Rúlluplast

Rúlluplast verður tekið hjá þeim
bændum sem vilja **í apríl**

Vinsamlegast látið vita á skrifstofu
sveitarfélagsins í síma 480-3000 eða
í tölvupósti á

gudrunh@blaskogabyggd.is.

Einnig er hægt að hafa fasta mánuði
hjá þeim bændum sem það vilja.

Komudagar rúlluplasts bíls verða
auglýstir í Bláskógafréttum og á
heimasíðu Bláskógabyggðar [http://
www.blaskogabyggd.is/](http://www.blaskogabyggd.is/)

Ef bændur vilja fá senda tilkynningu
um komudaga í tölvupósti
vinsamlegast látið vita.



Íþróttamiðstöðin Reykholti.

Vetraropnunartími

15. ágúst – 26. maí

Mánudaga 14:00-18:00.

Þriðjudaga 14:00-22:00

Miðvikudaga 14:00-18:00.

Fimmtudaga 14:00-22:00..

Föstudaga lokað.

Laugardaga 10:00-18:00.

Sunnudaga lokað.

KV Starfsmenn.

Sveitarstjórn hefur samþykkt að halda íbúafund, til að fara yfir og kynna fyrir íbúum, nokkur af þeim verkefnum sem í gangi eru í sveitarfélaginu. Dagsetning og dagskrá íbúafundarins liggur ekki fyrir þegar þessar línur eru skrifaðar, en hann verður auglýstur með dreifibréfi inná öll heimili og á heimasíðu sveitarfélagsins.

Nú þegar veturinn er að fjara út, fara helstu framkvæmdir sveitarfélagsins af stað hvert á eftir öðru. Í næsta fréttabréfi mun ég segja betur frá helstu framkvæmdum og viðhaldsverkefnum ársins. Í rauninni má segja að enginn vetur hafi komið heldur hafi haustið og vorið runnið saman slíkt hefur veðurfarið verið í vetur.

Nóg í bili.

Helgi Kjartansson, oddviti Bláskógabyggðar

Veitingastaðurinn Við Faxa í Biskupstungum óskar eftir starfsfólki

Okkur vantar starfsfólk bæði í hlutastarf og fullt starf í sumar.
Starfið felst í afgreiðslu og einföldum eldhússtörfum s.s. uppvaski og þrifum.

Gerð er krafa um snyrtimennsku og heiðarleika en einnig er einhver
enskukunnátta æskileg.



Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningum.

Umsóknarfrestur er til og með 1. apríl 2017

Vinsamlega sendið umsókn á netfangið: heidibisk@uppsveitir.is

Uppspretta vellíðunar

NÁTTÚRULEGT GUFUBAÐ HEITIR POTTAR SÁNA



LAUGARVATN
fontana

Heilsulind frá landnámi

Ópið alla daga vikunnar

www.fontana.is

Íbúð eða einbýli, með eða án bílskúrs

Erum að leita að húsnæði til leigu í Reykholti, 2 til 3 svefnherbergi. Væri kostur ef það fylgdi bílskúr. Erum róleg og reglusöm eldri hjón, barnlaus og dýralaus.

Upplýsingar í síma 7760810/7760710

Áningastaðir á Kili



Gljasteinn Myrkholt · Bláskógabyggð
Sími 895 9500
gljasteinn@gljasteinn.is · www.gljasteinn.is



Frá heilsugæslunni í Laugarási.

Opið frá kl 8:30 á morgnana
til kl 16:30 virka daga
Sími stöðvarinnar er 432 2770
Aðalnúmer HSU 432 2000
Sími Neyðarlínu 112



Getraunanúmer UMF. Bisk. er
803

Styðjum okkar félag þegar við
tökum þátt í getraunum.



Athugið

Næstu Bláskógafréttir koma út í apríl 2017. Ath. Efni í blaðið þarf að berast fyrir
1. apríl 2017.

Ef þið viljið senda efni í Bláskógafréttir sendið það á
blaskogabyggd@blaskogabyggd.is eða hafið samband á skrifstofu Bláskógabyggðar
í síma 480-3000



Bókasafnið í Reykholtsskóla er opið

Opunartímar eru á þriðjudögum kl. 17-19.
Hvað er betra en að lesa góða bók í
myrkri skammdegisins?
Kíkið við og kynnist heillandi hugarheimi
bókanna.

Athugið að einnig er hægt er að skila
bókum á opunartíma skólans.



útibú Laugarási

OPIÐ
kl 10 - 16.30
mánudaga - fimmtudaga
og kl 10 - 13
föstudaga

Verslum í heimabyggð!

Afmælistónleikar Karlakórs Hreppamanna



Árið er 1997, og ekki þótti mega dragast lengur að stofna karlakór í uppsveitum Árnassýslu. Boðað var til fundar um stofnunina 1. apríl. Á þriðja tug karla mætti og söngstjórinn Edit, alls óhrædd við dagsetninguna - og það var ekki aftur snúið. Æfingum var ekki sinnt með hangandi hendi því strax 30. apríl söng kórinn nokkur lög á Heilsustofnun NLF í Hveragerði. Síðan hefur ekkert lát verið á söng kórsins eða þátttöku karla í honum, árin hafa hlaðist upp og brátt verður kórinn tuttugu ára. Edit Molnár hefur verið stjórnandi hans frá upphafi og Miklós Dalmay píanóleikari og hafa bæði reynst kórnum mesti happafengur. Nú á afmælisári eru kórfélagar 57 talsins og koma úr flestum sveitum Árnassýslu að Selfossi meðtöldu. Þessi sveit ætlar í tilefni tvítugsafmælisins að halda þrenna tónleika á næstunni og fá til liðs við sig þrjá karlakóra, enda mega herlegheitin ekki vera minni.

Afmælistónleikar kórsins hinir fyrstu verða 1. apríl næstkomandi klukkan 16.00 í íþróttahúsi Hrunamanna á Flúðum. Karlakórinn Fóstbræður er boðinn velkominn til þátttöku í þeim tónleikum.

Næstu tónleikar verða í Selfosskirkju 3. apríl klukkan 20.00 og þar ætlar Karlakór Selfoss að gera kórnum þann heiður að syngja með.

Hinir síðustu verða í Víðistaðakirkju í Hafnarfirði 5. apríl klukkan 20.00.

Heimamenn í karlakórnum Þröstum koma þar til liðs við afmælistónleikinn. Dagskrá Karlakórs Hreppamanna á tónleikunum samanstendur af úrvali laga frá tuttugu ára ferli hans. Er það von kórsins að sem flestir komi á tónleikana og samfagni með því að hlýða á tímamótasöng.



Bókasafn Menntaskólans að Laugarvatni er opið sem hér segir:

Mánudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Þriðjudaga 10.30-12.15 og 13.00-17.00

Miðvikudaga 13.00-18.00

Fimmtudaga 09.00-12.15 og 13.00-17.00

Lestímar menntaskólanema mánudaga, þriðjudaga og fimmtudaga frá kl. 17.00-18.00

Bókasafnstímar í Bláskógaskóla þriðjudaga frá kl. 09.00-10.30



Vinnuskóli Bláskógabyggðar 2017

Flokkstjóra vantar í sumarvinnu unglunga og umhirðu opinna svæða. Lágmarksaldur er 18. ár. Starfstími er frá 22. maí til 28. júlí. Starfssvæðið er á Laugarvatni, Laugarási og í Reykholti. Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl n.k. og skulu umsóknir berast á skrifstofu Bláskógabyggðar eða á netfangið bjarni@blaskogabyggd.is, merktar: Vinnuskóli Bláskógabyggðar. Upplýsingar gefur Bjarni í síma 860-4440.

***Framkvæmda- og veitusvið
Bláskógabyggðar***



Country Taxi

Sinni öllum uppsveitunum, ball, afmæli eða annar mannfagnaður

Allar upplýsingar á facebook:

<https://www.facebook.com/leigubill/>

eða í síma 7760810

Kv Dóri

Bílaviðgerðir, Smurþjónusta og

dekkþjónusta

BÍLÞJÓNUSTA



VALBERGS

Lindarskógur 10, 840 Laugarvatn

☎ 775-2620 & 486-8600

www.facebook.com/valbergs

Bowentækni meðferð

Við bjóðum upp á Bowen í Reykholti.

Bowen er mjúk heildræn meðhöndlun á vefjum, aðallega bandvef.

Meðferðin örvar líkamann og hefur þau áhrif að hann virkjar heilunarmátt líkamans til þess að lækna sig sjálfur. Nánari upplýsingar má finna á bowen.is
Nils Bowentæknir vinnur á þriðjudögum og fimmtudögum í íþróttahúsinu í Reykholti. Tímapantanir í síma 897-6944.

Regína Rósa Bowentæknir. Tímapantanir eftir samkomulagi í síma 661-0053.



Viðhald & Dráttur

Almennt viðhald á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Dekkjáþjónusta.

Olíuskipti á öllum farartækjum og vinnuvélum.

Jón Águst: 868-5565 Netfang: vidhald.drattur@gmail.com
Hrosshagi - 801 Selfoss

NUDD Í REYKHOLTI.

Ertu með sára og auma vöðva? Vöðvabólgu? Festur í liðum? Eða langar bara í smá dekur?

Hafðu þá samband í síma: 892-5991

Íris Svavarsdóttir nuddari.

UPPSVEITADEILD ÆSKUNNAR 2017

í Reiðhöllinni á Flúðum



18. mars Barnaflokkur - fjórgangur og tölt
10:00 Unglingaflokkur - fimmgangur og tölt

8. apríl Barnaflokkur - smali
10:00 Unglingaflokkur – smali og skeið

Frítt inn – Allir velkomnir

Staðan eftir fyrsta mót


Barnaflokkur

1	Þórey Þula Helgadóttir	Smári	20
2-3	Freya Linda A. Mattsson	Smári	16
2-3	Valdimar Örn Ingvarsson	Smári	16
4-5	Anna-Lovisa Duerholt	Smári	14
4-5	Hjörtur Snær Halldórsson	Smári	14
6	Dagmar Sif Morthens	Logi	5
7	Fjölur Þór Morthens	Logi	4

Unglingaflokkur

1	Rósa K. Jóhannesdóttir	Logi	20
2	Aron Ernir Ragnarsson	Smári	18
3	Þorvaldur Logi Einarsson	Smári	16
4	Sölvi Freyr Freyðisarson	Logi	7
5	Laufey Ósk Grimsdóttir	Smári	6

Smári 120
Logi 36



Nesey ehf



Akrýlmálun ehf

Torfastaðir

Veitandi ehf pípulagnaþjónusta

Brekkuhestar



Styrktaraðilum Uppsveitadeildar Æskunnar er þakkaður stuðningurinn

Mínum á Reiðskólann sem hefst 28. mars og Hestheimiferð 27.-28. maí



Leynardómar Thailand

Dagana 10. til 30. nóvember 2017 ætlum við að skella okkur til Thailand og upplifa leyndardóma þess.

Takið dagana frá.

Margeir
Ferdin.is

Starfskraftur óskast í sumar í Gallerí Laugarvatn.
Um er að ræða vaktavinnu ca. 6-8 tímar (ekki kvöldvinna).
Starfið felst í vinnu við gistingu og almenna vinnu í kaffihúsi.
Nánari upplýsingar í síma 8470805
eða galleri @simnet.is .



Komnar í sölu vel skipulagðar íbúðir að Herutúni 5 a, b, c og d. Um er að ræða 134,6 fm þriggja herbergja endaíbúðir með bílskúr og 121,8 fm fjögura herbergja íbúðir með 6,6 fm geymslu. Afhendist tilbúið til innréttinga en hægt að semja um fullnaðarfrágang. Miklir möguleikar fyrir þá, sem vilja innrétta að eigin smekk. Frekari upplýsingar gefur Fasteignasalan Bær á Selfossi í síma 864 8090.

Logafréttir



Nú er keppnistímabilið hafið hjá mörgum hestamönnum. Fyrsta vetrarmótið var haldið 11. febrúar á Friðheimum og heppnaðist það mjög vel. Við þökkum fjölskyldunni á Friðheimum fyrir aðstöðuna. Uppsveitadeilin hófst 17. febrúar með fjórgangi og er hestamannafélagið Logi með tvö lið þetta árið og stóðu þau sig mjög vel, einnig var uppsveitadeild æskunnar 25. febrúar í reiðhöllinni á Flúðum. Keppt var í þrigangi/fimi barna og fjórgangi / fimi unglinga.

Það sem er á döfinni í mars er:

Uppsveitadeilin sem er 10. mars en þá er fimmgangur. Reiðhöllin á Flúðum.

Uppsveitadeild æskunnar 18. mars en þá er fjórgangur/tölt barna og fimmgangur/tölt unglinga. Reiðhöllin á Flúðum.

Vetrarmót Loga 25. Mars. Haldið á Friðheimum.

Úrslit vetramóts:

Í pollaflokki voru tveir keppendur, þær Hildur María Jóhannesdóttir og Kristín María Kristjánsdóttir og stóðu þær sig báðar með þryði.

Barnaflokkur:

1. sæti Fjölínir Morthens á Björk frá Holtsmúla.
2. sæti Tristan Morthens á Spón frá Hrosshaga.
3. sæti Dagmar Morthens á Hlíf frá Dalbæ.

Unglingaflokkur:

1. sæti Rósa Kristín Jóhannesdóttir á Kolbrúnu frá Rauðalæk.
2. sæti Sólvi Freyr Jónasson á Millu frá Bjarnanesi.

Ungmennaflokkur:

1. sæti Finnur Jóhannesson á Frigg frá Hamraendum.
2. sæti Dóróthea Ármann á Haustnótt frá Akureyri 2.

Unghrossaflokkur:

1. sæti Sólon Morthens á Huga frá Hrepphólum.
2. sæti Gústaf Loftsson á Seila.

Fullorðinsflokkur:

1. sæti Jónas Hreggviðsson á Kolbeini.
2. sæti Gústaf Loftsson á Sunnu.
3. sæti Tinna Dögg Tryggvadóttir á Sigurrós frá Galtastöðum.
4. sæti Þórey Helgadóttir á Gál frá Dalbæ.
5. sæti Óskar Hróbjartsson á Straumi .

Breytingar í Laugarási.

Hjá okkur í Laugarási hafa orðið nokkrar breytingar. Sigurjón Kristinsson hefur hafið störf sem yfirlæknir. Aðrir læknar koma að, eins og hefur verið undanfarið. Þórður hefur hafið störf á Selfossi og verður ekki fast hjá okkur lengur.

1.apríl munu verða nokkrar breytingar hjá okkur, við byrjum fyrr á morgnana og hættum fyrr. Opnunartími verður frá 8 til 16. Fyrsti læknatíminn mun verða kl 8:20 símatímarnir 2 á sömu tímum og áður kl. 9-9:30 og kl. 13-13:30

Blóðprufur verða teknar á morgnana kl. 8:15 til kl 11, nauðsynlegt er að vera fastandi fyrir blóðprufur, það er meira að marka niðurstöðurnar. Lyfjaendurnýjun verður hjá ritara kl. 8-9 í síma 432 2020

Kær kveðja, Anna Ipsen

Hjúkrunarstjóri HSU Laugarási.

Daglegar vöruferðir í uppsveitir Árnessýslu - Selfoss - Hveragerði - Reykjavík

Brottför frá Flúðum kl. 8.00 alla virka morgna
og frá Nesfrakt í Reykjavík kl. 12.00.

Öllum vörum keyrt heim til viðtakanda.



Hafðu samband

Héðinsgata 1 - 3, 105 Reykjavík
Sími 533-2211 - www.nesfrakt.is
Beint samband í flutningabíl 773-1626

Nesfrakt



ÞARFTU AÐ LÁTA FLYTJA EITTHVAÐ?

Við sinnum öllum almennum flutningum til og frá Suðurlandi.
Daglegar ferðir um alla Árnessýslu og hvert á land sem er.
Hafðu samband hvort sem um er að ræða tilboð í einstakan flutning
eða reglubundna flutningsþjónustu.

EIMSKIP
Flytjandi

Háhelmi 8 | 800 Selfoss | 525-7951 | flytjandi.is

Áskrift að Litla-Bergþóri?

Litli-Bergþór inniheldur margvíslegan fróðleik um Biskupstungur bæði að fornu og nýju. Hafir þú áhuga á að vita meira um sveitarfélagið þitt þá er áskrift klárlega málið. Hafðu samband við Þrúðu í síma 862 8640, Pál í síma 898 9152 eða sendu póst á póstfangið lbergthor@gmail.com og málið er komið í höfn.